# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.**

*Deiliskipulag Grænuvalla og nágrennis, Selfossi.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti þann 29. apríl 2020 deiliskipulag Grænuvalla og nágrennis, Selfossi.

Skipulagssvæðið er alls um 3,2 ha að flatarmáli og afmarkast af Austurvegi til suðurs, Fagurgerði til vesturs, Árvegi til norðurs og Hörðuvöllum til austurs. Á skipulagssvæðinu er deiliskipulag í gildi fyrir Austurveg 33-35, nr. 10001, samþykkt í júní 2006, sem nú fellur úr gildi.

Markmið deiliskipulagsins er að skýra kvaðir og heimildir lóða á skipulagssvæðinu. Breytingar eru gerðar á lóðunum Grænuvellir 8 og 8b. Lóð nr. 8 er gerð að íbúðarhúsalóð og lóð nr. 8a er ætluð fyrir bílastæði. Lóðinni Hörðuvöllum 2 er skipt í tvær lóðir, Hörðuvelli 2 og Árveg 10.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 30. apríl 2020.*

**Sigurður Andrés Þorvarðarson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2020